

RÚSSNESK MEISTARAVERK

Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri
Sergio Tiempo, einleikari



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2009/10



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói 10. september 2009 kl. 19.30

Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri
Sergio Tiempo, einleikari

RÚSSNESK MEISTARAVERK

Pjotr Tsjajkovskij

Píanókonsert nr. 1 í b-moll op. 23

Allegro non troppo e molto maestoso –

Allegro con spirito

Andantino semplice – Prestissimo

Allegro con fuoco

Hlé

Sergej Prokofiev

Sinfónía nr. 5 í B-dúr, op. 100

Andante

Allegro moderato

Adagio

Allegro giocoso

aðalstyrktaraðilar

BORGUN

Morgunblaðið



RÁS 1

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu
á Rás 1 og síðan aðgengilegir í fjórar
vikur á www.ruv.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á
meðan tónleikum stendur.

RUMON Á ÍSLANDI:

Rumon Gamba stjórnaði SÍ í fyrsta sinn vorið 2001 og þótti takast svo vel upp að strax um haustið stóð hann aftur á sviðinu í Háskólabíói. Hann var ráðinn aðalstjórnandi hljómsveitarinnar í júní 2002 og hefur síðan stjórnað henni á yfir 70 tónleikum. Síðar í þessum mánuði hljóðritar SÍ fimmta geisladiskinn undir stjórn Rumons fyrir breska útgáfufyrirtækið Chandos.

RUMON GAMBA

Hljómsveitarstjóri



Rumon Gamba nam við Konunglegu tónlistarakademiuna í London undir handleiðslu Colin Metters og varð fyrsti nemandinn í hljómsveitarstjórn sem vann til DipRAM-verðlaunanna. Skömmu síðar sigraði hann í keppni ungra hljómsveitarstjóra á vegum BBC og Lloyds-bankans og varð í framhaldi af því aðstoðarhljómsveitarstjóri Fílharmóníusveitar Breska ríkisútvarpsins um fjögurra ára skeið. Hann stýrði hljómsveitinni m.a. á opinberum tónleikum, við upptökur og á fjölda útvarps- og sjónvarpstónleika, og á Proms-tónleikum BBC.

Rumon hefur komið fram sem gesta-
stjórnandi með flestum helstu hljómsveitum Bretlandseyja. Hann hefur auk þess starfað með fjölda þekkttra hljómsveita á meginlandinu, m.a. Fílharmóníusveit-

inni í München, Útvarpshljómsveitinni í Berlín og Sinfóníuhljómsveitinni í Barcelona. Hann hefur einnig stjórnað Sinfóníuhljómsveitunum í Toronto, Sydney, Melbourne og Tókýó, sem og Fílharmóníuhljómsveitinni í New York. Hann þreytti frumraun sína við Ensku þjóðaróperuna vorið 2008 í Candide eftir Leonard Bernstein. Hann tók við stöðu aðalstjórnanda NorrlandsOperan sinfóníuhljómsveitarinnar í Svíþjóð í júlí 2009.

Rumon er sammingsbundinn Chandos-útgáfunni og hefur hljóðritað fjölda hljómdiska með Fílharmóníusveit Breska ríkisútvarpsins. Má þar nefna upptökur á verkum eftir Arnold, Bax, Auric og Vaughan-Williams, svo og kvikmyndatónlist eftir Alwyn, Richard Rodney Bennett og Erich Wolfgang Korngold. Hljómdiskar hans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa hlotið afbragðs dóma víða um heim, og í desember 2008 var fyrsti diskurinn í fyrirhugaðri röð hljómsveitarverka eftir Vincent d'Indy tilnefndur til hinna virtu Grammy-verðlauna. Rumon hefur gegnt stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá því í september 2002 en mun láta af því starfi í júní 2010.

SERGIO MÆLIR MEÐ:

„Uppáhalds upptakan mín af Tsjaikovskíj-konsertinum er með Mörthu Argerich og stjórnandanum Kirill Kondrashin. Mér finnst hennar túlkun sameina betur en nokkur önnur hina ólíku þætti verksins: hinn sinfóníska, virtúósíska og ljóðræna. Auk þess hefur Martha kennt mér töluvert um pianóleik og einmitt sérstaklega varðandi þetta verk. Þetta er tónleikaupptaka og flutningurinn er bókstaflega rafmagnaður.“

SERGIO TIEMPO

Einleikari



Sergio Tiempo fæddist í Venesúela 1972 en ólst upp í Argentínu og hóf pianónám hjá móður sinni tæplega þriggja ára gamall. Hann lærði auk þess hjá Michel Beroff í París, og hefur auk þess numið hjá Murray Perahia og Dimitri Bashkirov. Tiempo hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda undanfarin ár og þykir vera einn fremsti pianisti sinnar kynslóðar. Hann hélt debút-tónleika sína 14 ára gamall í Concertgebouw-höllinni í Amsterdam og hefur síðan komið fram í helstu tónleikasölum heims, m.a. Fílharmóníunni í Berlín, Alte Oper í Frankfurt, Tsjaikovskíj-salnum í Moskvu og Kennedy Center í Washington, DC.

Hann hefur leikið einleik með Chicago-sinfóníunni, Cleveland-hljómsveitinni, Fílharmóníuhljómsveitinni í New York, og fjölmörgum hljómsveitum í Evrópu og

Japan. Hann hefur leikið kammertónlist með Mischa Maisky, leikið á tvö pianó með Mörthu Argerich og hljóðritað fjölda geisladiska. Sá nýjasti hefur að geyma verk fyrir selló og pianó eftir Felix Mendelssohn (Deutsche Grammophon) og þar leikur Tiempo einmitt með Mischa Maisky.

Listasagan er sneisafull af frásögnum um verk sem vöktu hneykslan eða andúð í upphafi en sem síðari kynslóðir hafa talið til meistaraverka. Sjaldan hefur dómharkan þó verið jafn óskiljanleg og hjá Nikolai Rubinstein, sem var rússneskur píanóvirtúós og stofnandi Tónlistarháskólans í Moskvu. Á aðfangadagskvöld 1874 lék Pjotr Tsajkovskíj (1840–1893) glænýjan píanókoncert sinn fyrir Rubinstein í þeirri von að fá hjá honum tillögur um hvernig mætti gera einleikskafana betur úr garði. Viðbrögðin rakti Tsajkovskíj í bréfi sem hann ritaði velgjörðarkonu sinni Nadezhdu von Meck þremur árum síðar:

„Ég lék fyrsta kaflann. Ekki eitt orð, ekki ein athugasemd! Ég ákvað að vera hugrakkur og spilaði allt verkið í gegn. Aftur þögn. Ég stóð á fætur og spurði, „Jæja?“ Þá hófst orðaflaumurinn úr munni Nikolais Grigorievitsj, fyrst hæglátur en tók smám saman að líkjast þrumuraust Júpíters. Nú kom í ljós að konsertinn minn var óspilandi, einskis virði, og svo klaufalega saminn að það væri ómögulegt að lagfæra hann; að sem tónsmíð væri verkið lélegt og yfirborðslegt; að ég hefði stolið þessum bít héðan og hinum þaðan; að það væru aðeins tvær eða þrjár síður sem væri hægt að bjarga, en hinu yrði ég að farga eða hugsa alveg upp á nýtt... Í stuttu máli sagt: hefði einhver ráfað inn í herbergið meðan á ræðunni stóð hefði sá hinn sami haldið að ég væri fáviti, skilningslaus og hæfileikalaus fúskari, sem hefði sótt heim virtan tónlistarmann til þess eins að gera honum lífið leitt“.

Niðurlægingin var algjör. Tsajkovskíj fór heim í fússi og hrópaði: „Ég breyti ekki einni einustu nótu!“ Stuttu síðar frumflutti Hans von Bülow konsertinn á tónleikum í Boston, og vinsældirnar urðu strax slíkar að þegar kom að frumflutningnum í Moskvu lét gamli Rubinstein sig hafa það að stjórna verkinu, þó svo hann hafi látið annan píanista um að leika einleikshlutverkið. En hvað var það sem vakti svo hörð viðbrögð hjá Rubinstein? Verkið er augljóslega ekki óspilandi, þótt Tsajkovskíj hafi kannski ekki fyllilega ráðið við að leika einleikspartinn sjálfur, enda voru hæfileikum hans sem píanisti takmörk sett. Það sem virðist hafa farið mest í taugarnar á Rubinstein var óhefðbundin uppbygging fyrsta kaflans. Upphafsstefið fræga þjónar engum formfræðilegum tilgangi, snýr aldrei aftur, og er þar fyrir utan í „vitlausri“ tóntegund. En síðari kynslóðir hafa fyrir löngu sætt sig við hina óvenjulegu framvindu og nú til dags dettur engum í hug að gagnrýna hana sérstaklega.

Verkið hefst á þriðjurteknu lúðrastefi sem á upptök sín í b-moll en skiptir undir lokin skyndilega um tóntegund og hoppar yfir í Des-dúr. Þetta er í sjálfu sér harla óvenjulegt. Þar við bætist að hið ástríðufulla stef sem tekur við – fyrst í hljómsveit,

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Þetta er í nitjándá sinn sem SÍ flytur fyrsta píanókoncert Tsajkovskíjs. Rögvaldur Sigurjónsson lék hann í fyrsta sinn á Íslandi í Þjóðleikhúsinu í mars 1953 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Síðan hafa m.a. flutt verkið Shura Cherkassky (1954 og 1980), Ann Schein (1959), John Ogdon (1968), Peter Donohoe (1982) og Peter Maté (1992).

síðan í píanói og að lokum aftur í hljómsveitinni – heyrst aldrei aftur í öllu verkinu, stendur í raun fyrir utan sjálft sönötuformið sem fyrsti kaflinn byggir á. Þegar stefið hefur runnið sitt skeið á enda fellur allt í dúnalogn. Óvissan er algjör; skyndilega er eins og enginn viti hvert skal haldið næst. En þá kynnir píanóið til sögunnar léttu og skoppandi laglínu sem byggir á úkraínsku þjóðlagi, og kaflinn kemst aftur á fullan skrið. Annar þáttur konsertsins er hugljúft intermezzo sem hefst á einni af innblásnustu laglínum tónskáldins. Um miðbik kaflans bryddar Tsajkovskíj upp á annarri formnýjung, leifturhröðum scherzando-kafla þar sem einleikarinn fer á fingrahlaupum meðan strengirnir leika laglínu sem á uppruna sinn í Frakklandi, chansonettuna *Il faut s'amuser*, sem naut töluverðra vinsælda um það leyti sem Tsajkovskíj samdi konsertinn. Í upphafi lokakaflans notar Tsajkovskíj aftur úkraínskt þjóðlagastef, en þegar annað stef tekur við í strengjunum á það athygli okkar óskipta, enda ljóðrænt og tilfinningaþrungnið: Tsajkovskíj í hnotskurn. Það heyrst fyrst í Des-dúr og síðan í B-dúr – er þannig spegilmynd þess sem gerðist í upphafi fyrsta kaflans – og í framhaldinu leiðir allt hvert af öðru á eðlilegan hátt. Tónlistin er full af fjöri, þrótti og glæsileika allt fram til síðasta takts, enda ekki við öðru að búast í einum vinsælasta einleikskonsert allra tíma – hvað svo sem leið dómhörku skólustjóra nokkurs í Moskvu fyrir röskum hundrað árum.

Eins og öðrum af fremstu tónskáldum Sovétríkjanna var Sergej Prokofiev (1891–1953) komið fyrir í Ivanovo – um 200 kílómetra norðaustur af Moskvu – meðan síðari heimsstyrjöldin geisaði. Þar voru saman komnir auk Prokofíevs þeir Sjostakovitsj, Kabalevskíj, Míaskovskíj og Gliere, og þar gafst þeim betra næði til tónsmíða en í stríðshrjáðu stórborgunum Leníngrad og Moskvu. Prokofiev er sagður hafa verið iðnastur þeirra allra í útleðinni og kom á þeirri reglu að á hverju kvöldi skyldu tónskáldin koma saman og ræða árangur dagsverksins. Enda létu afköstin ekki á sér standa. Efir sumarið hafði hann samið áttundu píanósónötuna, gengið frá ballettinum Öskubusku í hljómsveitarútgáfu og píanóúrdrætti að fimmtu sinfóníunni. Það voru liðin sextán ár frá því að síðast hafði verið frumflutt sinfónía eftir Prokofíev þegar sú fimmta heyrðist fyrst, á tónleikum í Konservatoríinu í Moskvu 13. janúar 1945. Þetta var í síðasta sinn sem hann kom fram sem stjórnandi, og hann var um það bil að ganga á svið þegar tilkynnt var að Fyrsta úkraínska herdeildin hefði brotið

varnir Þjóðverja á bak aftur. Áður en flutningurinn hófst var því skotið af fallbyssum í fagnaðarskygni og eflaust hefur andrúmsloftið átt sinn þátt í að sínfónían varð einn mesti sigur Prokofíevs í heimalandi sínu.

Hann naut gleðinnar ekki lengi. Aðeins nokkrum dögum síðar hrasaði hann og fékk heilahristing – við rannsókn kom á daginn að hann þjáðist af of háum blóðþrýstingi – og hann náði aldrei fullri heilsu á ný. Árið 1948 var hann fordæmdur af Andrei Zhdanov og öðrum forkólfum menningarmála í Sovétríkjunum fyrir alþýðufjandsamlegan „formalisma“ í verkum sínum. Ólíkt öðrum fórnarlömbum árásanna – til dæmis Sjostakovitsj – lifði Prokofíev það ekki að sjá nafn sitt hreinsað. Verk hans voru sjaldan leikin eftir þetta og þegar hann lést 5. mars 1953 var hann bugaður maður. Ógæfan virtist auk þess elta hann í dauða ekki síður en í lífi. Klukkustund eftir fráfall Prokofíevs lést Jósef Stalín og andlát hins mikla leiðtoga kommúnismans skyggni svo að segja algjörlega á andlát eins mesta tónsnillings 20. aldarinnar. Þegar aprílhefti *Sovietskaya Muzyka* kom út var minningargrein um Stalín á forsíðu, en litla klausu um andlát Prokofíevs var að finna á síðu 117.

Annars kemur ekki á óvart að sínfónían skuli hafa slegið í gegn við frumflutninginn. Hér er tónskáldið í eðalformi. Fyrsti kafliinn er í sönötuformi og er borinn uppi af tveimur stefnum. Þótt bæði hljómi vel við fyrstu heyrn er eins og Prokofíev vilji ekki gefa of mikið uppi strax í byrjun, heldur halda þau áfram að vaxa og þróast eftir því sem líður á kafliinn. Fyrsta stefið er tignarlegt og ljóðrænt; það heyrir fyrst í tréblásurum en síðan taka strengirnir við með þykkum hljómunum. Seinna stefið er blíðara og heyrir fyrst í flautum, en strengirnir taka það einnig traustataki áður en langt um líður. Allt tónefnið er skoðað í nýju ljósi í úrvinnslukafli, en að honum loknum heyrir upphafsstefið leikið fortissimo af málmblásurum – í lúðrasveitarstíl og með ómstríðum hljómaundirleik. Niðurlagið er enn ein hugleiðingin um upphafsstefið, og nær tvisvar glæsilegum fortissimo-hápunkti.

Annar kafliinn er scherzo og er meginuppistaða hans tónlist sem var upphaflega ætluð í ballettinn *Rómeó og Júlíu* (1935–36). Enda er kafliinn meira í anda þess sem Prokofíev fékkst við á þriðja og fjórða áratugnum: kaldhæðni og svartur húmor eru í forgrunni í ytri þáttunum, en í miðkafli (tríóinu) leika klarínnett og víólur stef sem er fullt af galsaskap og trúðslátum. Hægi kafliinn er alvörugefinn. Undirleikurinn, brotnir hljómar í tríólum, minnir á fyrsta kafliinn í *Tunglskinssönötu* Beethovens, en yfir hljómunum heyrir tíguleg laglína. Miðkafli þáttarins hefur yfir sér dekkra yfirbragð og minnir jafnvel á útfararmars. Að lokum snýr fyrsta stefið aftur en nú leikið ofurveikt; ægifagurt niðurlagið byggir á undirleik upphafstaktanna. Lokakafliinn hefst

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sí hefur sex sinnum áður flutt fimmtu sínfóníu Prokofíevs, fyrst undir stjórn Sverres Bruland árið 1972. Síðan hafa stjórnað sínfóníunni þeir James Blair (1977), David Robertson (1986), Osmo Vänskä (1993), Bernharður Wilkinson (2001) og Philippe Entremont (2003).

á innhverfum nótum, og ekki líður á löngu þar til upphafsstef fyrsta þáttar heyrir leikið af fjórskiptum sellóum. Skyndilega er hæglátum hugleiðingunum svipt í burtu; það sem eftir lifir verksins er Prokofíev á blússandi útopnu og spennan eykst með hverjum takti allt fram að dúndrandi lokahvellingum.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

Á DÖFINNI

EVROPSK RÓMANTÍK 1. OKTÓBER

Fyrstu gulu tónleikar vetrarins verða í Háskólabíói 1. október nk. Þar stjórnar hinn úkraínski Kirill Karabits, sem hefur vakið feykimikla athygli á undanförunum árum, hljómsveitarverkum eftir Berlioz og Mendelssohn og fær auk þess til liðs við sig mikinn fiðlusnilling, Ilya Gringolts, sem hefur verið í flokki fremstu hljóðfæraleikara heims í meira en áratug. Þegar hann sigraði í Paganini-keppninni árið 1998 var hann yngsti keppandi til að komast í úrslit allt frá upphafi. Hann lærði hjá Itzhak Perlman við Juilliard-skólann og er samningsbundinn hjá Deutsche Grammophon sem er frægasta útgáfufyrirtækið í klassíska bransanum. Nýjasti diskur hans vann til Gramophone-verðlauna og það verður enginn svikinn af flutningi hans á hinum dásamlega fiðlukonsert Dvoráks sem er eitt af meistaraverkum tónskáldsins og sameinar hugljúfa lýrik og glæsileg virtúósatilþrif.



Fyrir þá sem hafa dálæti á rússneskri tónlist má einnig benda á að Ungsveit SÍ flytur hina magnþrungnu fimmtu sínfóníu Sjostakovitsj undir stjórn Rumons Gamba laugardaginn 26. september kl. 17. Ungsveitinni er ætlað að verða mikilvægt afl í íslensku tónlistarlífi með því að efla hljómsveitarleik íslenskra ungmenna og gefa þeim tækifæri til að kynna kröfum atvinnuspilamennsku af eigin raun. Enginn sem lætur sig framtíð tónlistar á Íslandi einhverju verða lætur sig vanta á þessa tónleika.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 10. SEPTEMBER 2009

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Andrzej Kleina
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Martin Frewer
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Zbigniew Dubik
Olga Björk Ólafsdóttir
Sigríður Hrafnkelsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Joanna Bauer
Christian Diethard
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Roland Hartwell
Mark Reedman
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Þórunn Ósk Marinósósdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Þórarinn Már Baldursson
Sesselja Halldórsdóttir

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Lovisa Fjeldsted
Inga Rós Ingólfssdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarinett

Einar Jóhannesson
Ármann Helgason
Sigurður I. Snorrason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Jessica Buzbee

Túba

Tim Buzbee

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson
Matthías Hemstock

Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en
þú ferð á tónleikana
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



Skrúður
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / www.skrudur.is

samstarfsaðilar


LITRÓF-HAGPRENT


LIÓS / HLÍÓÐ / MYND



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Vertu þinn eiginn listræni stjórnandi

REGNBOGAKORTIÐ

Veldu 4-8 tónleika af
efniskrá starfsársins.

Regnbogakort Sinfóníuhljómsveitarinnar er hagkvæm leið til að setja saman eigin tónleikaröð fyrir veturinn, tryggja fast sæti og fá jafnframt ríflegan afslátt.

Kynntu þér fjölbreytta efnisskrá á
www.sinfonia.is



AÐALSTYRKARADILAR

BORGUN

Morgunblaðið